

Tuttugasti og níundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis verður haldinn þann 9. febrúar 2017 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15

Fundinn sátu: Hannes Tryggvi Hafstein, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Ása Einarsdóttir sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir nuddstofu að Reykjavegi 82 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 6 ára dagsett 1. desember 2016.
„Staðfest“.
- b. Ingigerður Guðbjörnsdóttir sækir um leyfi fyrir rekstri gistingar í sumarhúsi að Víðihóli 2 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 1. desember 2016.
„Staðfest“.
- c. Katrín Rós Ragnarsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Þverholti 7.
Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu þann 13. desember 2016 skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 582/2000 og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tannlæknastofur.
„Staðfest“.
- d. Ísak Þ. Runólfsson sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir félagsheimili Seltjarnarnes að Suðurströnd á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli til 12 ára dagsett 12. janúar 2017.
„Staðfest“.
- e. Kolbrún Kristinsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir rekstri gistingar í heimahúsi að Austurströnd 12 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 25. janúar 2017.
„Staðfest“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- f. Stefanie Scheidgen sækir um leyfi fyrir rekstri gistingar í sumarhúsi að Hjarðarholtsvegi 35 í Kjósarhreppi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 24. janúar 2017.
„Staðfest“.
- g. Arndís Vilhjálmsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir rekstri gistingar í heimahúsi að Valhúsabraut 15 12 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 25. janúar 2017.
„Staðfest“.
- h. Halldór Steinþórsson sækir um starfsleyfi fyrir heimagistingu að Björtuhlíð 27, merkt 03 0101. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 25. janúar 2017.
„Staðfest“.
- i. Margrét Jónsdóttir Njarðvík f.h. Mundo ehf. sækir um starfsleyfi fyrir innflutningi og sölu á matarolíu að Eiðistorgi 13 og 17 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 27. janúar 2017.
„Staðfest“.
- j. Askja Properties ehf. sækir um leyfi fyrir rekstri gistingar í íbúð að Laxatungu 60 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 27. janúar 2017.
„Staðfest“.
- k. Guðmundur Einarsson f.h. Sóknarnefndar Seltjarnarneskirkju sækir um endurnýjun leyfis fyrir rekstri kirkju og safnaðarheimilis með móttökueldhúsi að Kirkjubraut 2 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir með starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomuhús“.
- l. Ása B. Matthíasdóttir f.h. Ása og Jón slf. sækir um starfsleyfi fyrir rekstri gististaðar í flokki II í heimahúsi að Hofgörðum 5 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu“.
- m. Kjósarhreppur sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir gámastöð í landi Meðalfells. Starfsleyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu til 12. ára þann 10. janúar 2017 með vísun í almenn starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 582/2000.
„Staðfest“.

Umsóknir um tímabundin starfsleyfi skv. fylgiskjali 2 í reglugerð nr. 787/1999

- n. Príma ehf sækir um starfsleyfi fyrir niðurrifi á Byggörðum 1, á Seltjarnarnesi með fastanúmerið 206-7097.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 7. desember 2016 með gildistíma til 15. desember 2016 með starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrif húsa.
„Staðfest“.
- o. Príma ehf sækir um starfsleyfi fyrir niðurrifi á Suðurmýri 10, á Seltjarnarnesi með fastanúmerið 206-8806.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 18. janúar með gildistíma til 18. mars 2017 með starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrif húsa.
„Staðfest“.
- p. Gísli Hermannsson f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir lítilli brennu þann 31. desember. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu þann 13. desember 2016 með vísun í starfsleyfisskilyrði fyrir brennur og almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b.
„Staðfest“.
- q. Ásgeir Sveinsson f.h. handknattleiksdeildar UMFA sækir um starfsleyfi fyrir lítilli brennu þann 31. desember 2016. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu þann 20. desember 2016 með vísun í starfsleyfisskilyrði fyrir brennur og almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b.
„Staðfest“.
- r. Bjarni Ásgeirsson f.h. Mosfellsbæjar sækir um starfsleyfi fyrir lítilli brennu þann 7. desember 2016. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu þann 20. desember 2016 með vísun í starfsleyfisskilyrði fyrir brennur og almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b.
„Staðfest“.

Umsagnir fyrir veitinga, gististaði og flugeldasýningar

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 23. janúar 2017 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri gistingar í flokki II tegund íbúð að Laxatungu 60 í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 26. janúar 2016.
„Staðfest“.
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 21. nóvember 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri gistingar í flokki I tegund heimagisting að Hofgörðum 5 á Seltjarnarnesi.
Jákvæð umsögn ásamt athugasemdum var send með bréfi þann 26. janúar 2016.
„Staðfest“.
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 17. janúar 2017 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

þorrablóti í Félagsgarði í Kjós þann 21. janúar 2017.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 18. janúar 2017.
„Staðfest“.

- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 13. janúar 2017 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið tækifærisleyfi í tilefni af superbowl í Hvíta Riddaranum Mosfellsbæ þann 5.-6. febrúar 2017.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 17. janúar 2017.
„Staðfest“.
- e. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 9. desember 2016 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir dansleik í Íþróttamiðstöð Seltjarnarness þann 1. janúar 2017.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 28. desember 2016.
„Staðfest“.
- f. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 19. desember 2016 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir dansleik í Hlégarði þann 27. desember.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 20. desember 2016.
„Staðfest“.
- g. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 23. desember 2016 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi vegna þorrablóts Aftureldingar í Íþróttamiðstöðinni Varmá þann 21. janúar 2017.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 11. janúar 2017.
„Staðfest“.

2. Umsagnir um skipulagsmál.

- a. Umsögn um efnistöku í Hrossadal.
Mosfellsbær óskar eftir umsögn um erindi Mannvits varðandi efnistöku í Hrossadal í landi Miðfells, Mosfellsbæ dagsett 23. september 2016. Beiðnin barst með tölvubréfi skipulagsstjóra Mosfellsbæjar þann 14. 12 2016. Ekki er unnt að afgreiða umsögnina þar sem umbeðin gögn hafa ekki borist.
Frestað.
- b. Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um endurskoðað aðalskipulag Seltjarnarnes 2015-2030, dagsett 29. desember 2016. Kristinn H. Guðbjartsson, óskaði eftir umsögninni f.h. Seltjarnarnesbæjar með tölvupósti þann 22. nóvember 2016.
Framkvæmdastjóri kynnti umsögn heilbrigðiseftirlits.
- c. Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um lýsingu, verkáætlun skipulagsáætlunar, breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar dagsett 19. janúar. Málið varðar breytingar á landnotkun á hluta svæðis fyrir þjónustustofnanir austan gatnamóta Vesturlandsvegur og Skarhólabrautar. Óskað var eftir umsögninni með bréfi skipulagsstjóra Mosfellsbæjar þann 9. janúar 2017.
Framkvæmdastjóri kynnti umsögn heilbrigðiseftirlits.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- d. Lögð fram skýrsla Verkís verkfræðistofu. Eldsneytisafgreiðslustöð Festi ehf við Háholt í Mosfellsbæ. Áhættumat á rekstartíma frá október 2016. Lögð fram fyrirspurn Dap arkitekta til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar dagsett 10. nóvember 2016 ásamt teikningum sem sýna afstöðu, útlit og lóð. Skipulagsnefnd óskaði eftir umsögn heilbrigðiseftirlitsins um skýrsluna sbr. tölvubréfi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þann 13. janúar 2017. Framkvæmdastjóra falið að svara erindi skipulagsnefndar í samræmi við umræður á fundinum.
- e. Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um skipulagsbreytingu deiliskipulags fyrir Lund í Mosfellsbæ frá 6. janúar. Óskað var eftir umsögninni með tölvubréfi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þann 10. janúar 2017. Framkvæmdastjóri kynnti umsögn heilbrigðiseftirlits.
- f. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 9. janúar 2017 þar sem óskað er umsagnar um skipulags- og matslýsingu – Tengivirki við Sandskeið. Lagt fram áhættumat Eflu dagsett 2.2. 2017.

Lögð fram umfjöllun framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins um málið frá 115. fundi frá fundi þann 2. febrúar 2017.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis vísar til bókunar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Heilbrigðisnefnd gerir kröfu um að bygging og rekstur tengivirkis við Sandskeið valdi ekki mengun í grunnvatni. Heilbrigðisnefnd mun fjalla um málið á síðari stigum verði framkvæmdinni ekki fundinn annar staður.

3. Bréf Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál nr.

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 147/2016. Jafnframt lagt fram erindi M.G. lögmanna dagsett 1. febrúar 2017. Erindið lagt fram. Heilbrigðisnefnd býður úrskurðar úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála og mun bregðast við málinu þegar hann liggur fyrir.

4. Úttekt Matvælastofnunar á þjálfun og símenntun starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Lögð fram úttektarskýrsla MAST dagsett 29. nóvember 2016. Jafnframt lögð fram úrbótaáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 27. janúar 2017 „Staðfest“.

5. Málefni Brúneggja ehf. varðandi úrgang frá fyrirtækinu.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 28. desember 2016 til Brúneggja ehf. þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða áminningu. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 11. janúar 2017 þar sem tilkynnt er um áminningu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Lagt fram svar Brúneggja ehf. dagsett þann 19. janúar 2017.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis staðfestir áminningu sem birt er í bréfi til Brúneggja ehf. þann 11. janúar 2017 þar sem fyrirtækið hefur brotið gegn grein 3.7 í starfsleyfisskilyrðum. Heilbrigðisnefnd krefst þess að farið sé að starfsleyfisskilyrðum og að allur skítur frá Brúneggjum ehf. sem ekki hefur verið látinn brjóta sig í hauggeymslu í a.m.k. tvo mánuði skuli fluttur til móttökustöðvar með starfsleyfi heilbrigðiseftirlits til meðhöndlunar í samræmi við grein 3.5 í starfsleyfi Brúneggja ehf. Heilbrigðisnefnd telur að Brúneggjum hafi ekki tekist með sannfærandi hætti að hrekja útreikninga heilbrigðiseftirlits á magni skíts frá búum Brúneggja ehf., út frá fjölda fugla. Heilbrigðisnefnd mun takmarka eða stöðva starfsemi Brúneggja ehf. ef ekki verða gerðar umbeðnar úrbætur eða ef Brúnegg ehf. verður staðið að áframhaldandi brotum á starfsleyfi.

Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðiseftirlitinu að kæra óleyfisstarfsemi að Grjóteyri til lögreglu og stöðva starfsemi.

6. Málafni Fylkis ehf. vegna fráveitumála í Tjaldanesi.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett þann 28. desember 2016 þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða takmörkun eða bann við notkun á húsum í Tjaldanesi vegna fráveitumála.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að senda til innheimtu útistandandi dagsektir og mun leggja leigubann á hús á Tjaldanesi með ófullnægjandi fráveitu frá og með 1. júní 2017 hafi úrbætur ekki farið fram fyrir þann tíma.

Önnur mál

- a. Lögð fram fundargerð Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins frá 115. fundi þann 3. febrúar 2017 ásamt ársskýrslu framkvæmdastjórnarinnar fyrir árið 2016.
- b. Lögð fram ársskýrsla Sorpu 2015.
- c. Lög fram fundargerð kynningarfundar á drögum að umhverfisskýrslu Orkuveitur Reykjavíkur þann 3. febrúar 2017

Fundi var slitið kl. 20:00.